



ÖKUKENNARAFÉLAG ÍSLANDS

ISLANDS TRAFIKSKOLE UNION / THE ICELANDIC UNION OF DRIVING SCHOOLS ASSOCIATIONS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P/127/2001
komudagur 21.11.2001

Reykjavík 21. nóvember 2001

Frumvarp til laga um leigubifreiðar, 167. mál, heildarlög.

Ökukennarafélagið hefur tekið ofangreint frumvarp til skoðunar og umsagnar á grundvelli erindis dags. 8. nóvember 2001 frá samgöngunefnd Alþingis. Ökukennarafélagið gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Er þessi starfsemi í samræmi við lög nr. 45/1994 um Vegagerð ríkisins?
2. Ökukennarafélagið telur óeðlilegt að Vegagerðin sjálf annist námskeið fyrir umsækjendur. Ástæða þess er að óeðlilegt er að leyfisveitandi haldi sjálfur námskeið og einnig að til eru hæfari aðilar til þeirra verkefna sem eru ökuskólar með starfsleyfi Umferðarráðs. Að undanförunu hafa námskeið fyrir verðandi leigubílstjóra verið haldin af ökuskólum í samvinnu við leyfisveitinganefnd. Jafnframt vekur félagið athygli á því að ökukennsla til allra réttinda er löggilt starfsgrein. Efnislega sömu athugasemd sendi Ökukennarafélagið nefndarsviði Alþingis 2. maí 2001 sem umsögn um sama frumvarp 633. mál á 126. löggjafarþingi 2000-2001.
3. Þá vekur það athygli Ökukennarafélagsins að frumvarp þetta virðist ganga þvert á þá stefnu stjórnvalda að einkavæða starfsemi frekar en færa undir opinbera stjórnsýslu.

Virðingarfyllst,

Þorvaldur Finnbogason
ritari stjórnar